

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða.

1. gr.

11. mgr. 9. gr. fellur niður.

2. gr.

Í stað núverandi 15. gr. kemur eftirfarandi grein:

Undir lið 10 *Matsbreytingar* skal færa endurmat óefnislegra eigna samkvæmt lið 1, húseigna og lóða samkvæmt lið 2.1 og varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt lið 4.1.

3. gr.

Í stað núverandi 26. gr. kemur eftirfarandi grein:

Óefnislegar eignir samkvæmt lið 1, húseignir og lóðir samkvæmt lið 2.1 og varanlegir rekstrarfjármunir samkvæmt lið 4.1 skulu færðir á kostnaðarverði. Ef raunvirði samkvæmt 1. ml. er verulega hærra en kostnaðarverð af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi og skal matsbreytingin færð undir lið 10, „Matsbreytingar“.

Eignir samkvæmt 1. mgr., sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Óefnislegar eignir skulu þó ekki afskrifaðar á lengri tíma en fimm árum. Afskriftir skulu reiknast af kostnaðarverði. Séu þessir fjármunir endurmetnir samkvæmt 2. ml. 1. mgr. reiknast afskriftir af endurmetnu verði þeirra. Við útreikning á kostnaðarverði samkvæmt 1. og 2. ml. 1. mgr. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

4. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 29. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Hlutabréf skal færa á kaupverði eða markaðsverði, hvort sem lægra er í lok reikningsárs, sbr. þó 30. gr.

5. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 31. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Þegar fjárfestingar eru færðar á kaupverði skal tilgreina ætlað markaðsverð þeirra í skýringum ársreikningsins.

6. gr.

Í stað núverandi 35. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Við útreikning á kaup- eða kostnaðarverði samkvæmt ákvæðum 26., 29. og 31. gr. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

7. gr.

Í stað núverandi 2. mgr. 36. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris: Kafli III: Lið 2.1 í 8. gr., liði 3.5-3.9 í 9. gr., lið 6 í 12. gr., lið 7 í 13. gr. og lið 9 í 14. gr.

8. gr.

Í stað núverandi 37. gr. VI. kafla kemur eftirfarandi grein:

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Greint skal frá aðferðum við endurmat og afskriftir svo og við uppfærslur og niðurfærslur. Einnig skal tilgreina það gengi sem miðað er við þegar einstakir liðir eru umreiknaðir frá öðrum gjaldmiðli í íslenskar krónur.

9. gr.

Tl. 3.10 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris í viðauka I fellur niður.

10. gr.

Í stað 1. tl. í viðauka III kemur eftirfarandi:

1. *Hrein raunávöxtun.*

Hjá lífeyrissjóðum sem reikna daglegt gengi eigna er raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$

þar sem r táknar hreina raunávöxtun; i táknar breytingu á gengi sjóðsins á árinu og j táknar hækkun vísitölu á árinu.

Hjá lífeyrissjóðum sem reikna ekki daglegt gengi eigna er hrein raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$

þar sem r táknar hreina raunávöxtun; i táknar ávöxtun eigna sbr. sérstaka formúlu hér á eftir og j táknar hækkun vísitölu á árinu. Formúla fyrir ávöxtun eigna er eftirfarandi:

$$i = \frac{2(F-K)}{(A+B-(F-K))}$$

þar sem F táknar fjárfestingartekjur, sbr. lið 3, að frádregnum fjárfestingargjöldum, sbr. lið 4; K táknar rekstrarkostnað, sbr. lið 5, að viðbættum gjöldum, sbr. lið 7, en að frádregnum tekjum, sbr. lið 6; A táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun, sbr. lið 12 og B táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í árslok, sbr. lið 13 á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

11. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. október 2002.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.